



Sveitarstjórnarfundur 19. ágúst 2026

Miðvikudaginn 19. ágúst 2026 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 2. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Mikael Rafn L. Steingrímsson.

Finnur Ólafsson, oddviti setti fund kl. 20:00.
Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 2. fundar:

1. Fundargerð fyrsta sveitarstjórnarfundar 31.05.2026
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Bréf til sveitarstjórnar
5. Erindi til sveitarstjórnar varðandi fræðslumál
6. Viðhald fasteigna Kaldrananeshrepps
7. Framkvæmdir í Kaldrananeshreppi
8. Erindi til sveitarstjórnar frá nemendum Grunnskólans á Drangsnesi
9. Breytingar á reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga
10. Erindi frá innviðaráðuneytinu
11. Áheyrnarfulltrúi í Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar
12. Skipan í Fulltrúaráð Velferðarnefndar Vestfjarða
13. Erindi Minjastofnunar
14. Beiðni Kennarasambands Vestfjarða

Fundargerð:

1. **Fundargerð fyrsta sveitarstjórnarfundar 31.05.2026**
Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
2. **Fundargerðir nefnda**
 - a. Fundargerð Fræðslunefndar, 06.08.2026.
Oddviti gerir grein fyrir stöðu skólamála.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
3. **Aðrir fundir**

- a. 156. fundur heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis, 13.05.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- b. Fundargerð 60. fundar velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, 06.08.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- c. Þinggerð 71. fjórðungsþing Vestfirðinga á kosningaári, 24.06.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- d. 999. stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, 28.05.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- e. 1000. stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, 09.06.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Bréf til sveitarstjórnar

Lagt er fram bréf sem barst til sveitarstjórnar er varðar skiptingu jarðar í Kaldrananeshreppi.

Óskaði sveitarstjórn eftir afstöðu byggingarfulltrúa á umræddu máli og liggur hún fyrir.

Bréf lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að taka umrætt erindi til athugunar og haft verður samband við undirritaðan og sitja fund með þeim aðilum sem að málinu koma.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

5. Erindi til sveitarstjórnar varðandi fræðslumál

Erindi barst til sveitarstjórnar er varðar fræðslumál í sveitarfélaginu.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að opnaður verði leikskóli á Drangsnesi nú í haust með öllum þeim kostnaði sem slíkum rekstri fylgir og sér sig ekki fært að verða við þessari beiðni.

Oddvita falið að bregðast við í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

6. Viðhald fasteigna í Kaldrananeshreppi

Gerð er grein fyrir viðhaldsþörf fasteigna í eigu Kaldrananeshrepps.

Þak Borgarbrautar 2 er komið til ára sinna og þyrfti að fara að huga að því.

Þörf er á að endurnýja kaldavatnslögn á Holtagötu 4.

Viðhald fasteigna rætt.

Sveitarstjórn ákveður að vísa til viðgerða til vinnu vegna fjárhagsáætlunar 2027.

Oddvita falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Framkvæmdir í Kaldrananeshreppi

Sveitarstjórn ræðir þær framkvæmdir sem huga þarf að í Kaldrananeshreppi.

Framkvæmdir ræddar og vísað til vinnu vegna fjárhagsáætlunar 2027.
Oddvita falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

8. Erindi til sveitarstjórnar frá nemendum Grunnskólans á Drangnesi

Erindi barst frá nemendum Grunnskólans á Drangnesi. Greint er þar frá að gerð var könnun um framtíðarsamfélag Kaldrananeshrepps í tengslum við sl. sveitarstjórnarkosningar.

Óskað er eftir að sveitarstjórn taki svör kannanirnar til greina í störfum sínum.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn þakkar nemendum Grunnskólans á Drangnesi fyrir erindið og mun taka tillit til svara við framtíðar ákvörðunum sveitarstjórnar.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

9. Breytingar á reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga

Í ársbyrjun 2026 tóku gildi breytingar á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Breytingar lagðar fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að óskar eftir frekari upplýsingum frá KPMG til að fara yfir umræddar breytingar.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

10. Erindi frá innviðaráðuneytinu

Lagt er fram erindi innviðaráðuneytisins vegna stefnumótunar í málefnum sveitarfélaga.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn felur skrifstofustjóra og oddvita að svara umræddu erindi í sameiningu.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

11. Áheyrnarfulltrúi í Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar

Óskað er eftir að Kaldrananeshreppur skipi áheyrnarfulltrúa í Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn tilnefnir Hildi Aradóttur sem áheyrnarfulltrúa Kaldrananeshrepps.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

12. Skipan í fulltrúaráð Velferðarnefndar Vestfjarða

Óskað er eftir að Kaldrananeshreppur skipi aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Velferðarnefndar Vestfjarða.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn tilnefnir Hildi Aradóttur, vara oddvita sem aðalfulltrúa & Finn

Ólafsson, oddvita til vara.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

13. Erindi Minjastofnunar

Lagt var fram erindi frá Einari Ísakssyni starfandi Minjaverði Vestfjarða sem hvetur sveitarstjórn til að hafa Minjastofnun með í ráðum þegar kemur að skipulagsmálum innan sveitarfélaganna.

Erindi lagt fram til kynningar.

14. Beiðni Kennarasambands Vestfjarða

Styrktarbeiðni barst frá Kennarasambandi Vestfjarða en þann 18. september nk. mun sambandið halda sitt reglulega haustþing. Óskar því Kennarasamband Vestfjarða eftir fjárhagsstuðning sem notaður yrði til greiðslu ferðakostnaðar félagsmanna innan sveitarfélagsins.

Styrktarbeiðni lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við umræddri beiðni.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 21:47